

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 130/1826

komudagur 15. 4. 2004

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

15. apríl 2004

Tilvísun: 2004040012


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, 785. mál, íbúðabréf.

Visað er til bréfs yðar, dags. 1. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, 785. mál, íbúðabréf.

Í frumvarpinu er m.a. lögð til breyting á 27. gr. laganna þar sem kveðið er á um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með Íbúðalánasjóði. Fjármálaeftirlitið telur almennt til bóta að Íbúðalánasjóður sé skilgreindur sem hinn eftirlitsskyldi aðili, eins og gert er í frumvarpinu, en ekki einungis húsbrefadeild eins og verið hefur. Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt lagt á það áherslu að skýrt sé kveðið á um það með hverju það á að hafa eftirlit, þ.e. hver verkefni eftirlitsins eigi að vera. Nefna má í þessu sambandi að kveðið sé á um skilyrði sem miða að traustum og heilbrigðum rekstri, stjórnun, innri endurskoðun, eftirlitakerfi með áhættum og fjárhagslegan styrkleika (laust fé og eigið fé). Það er skilningur Fjármálaeftirlitsins að með fyrirhuguðum breytingum á 11. gr. laganna, sbr. 5. gr. frumvarpsins, sé gert ráð fyrir að ákvæði af þessu tagi verði mótuð í reglugerð sem ráðherra setji.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins.

Virðingarfyllt,



Páll Gunnar Pálsson

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Ragnar Hafliðason